



**Nefndasvið Alþingis  
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 5. desember 2002

**Umsögn tollstjórans í Reykjavík  
varðandi frumvarp til laga um úrvinnslugjald,  
þingskjal 367 - 337. mál - 128. löggjafarþing 2002-2003**

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 20. nóvember sl., þar sem frumvarp til laga um úrvinnslugjald er sent til umsagnar embættisins.

**Almennt álit um frumvarpið**

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur áður veitt umsagnir vegna frumvarpsins til fjármálaráðuneytis. Umsagnir voru gefnar í bréfum embættisins, dags. 19. júlí 2001, 19. nóvember 2001 og 13. september 2002. Sjá nánar hjálögð fylgiskjöl. Það er mat embættisins að gildissvið laganna sé ekki eins skýrt afmarkað og gert var ráð fyrir í fyrri frumvarpsdrögum að lögum um úrvinnslugjald sem lagt var fram á Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001 sem og í lögum um spilliefnagjald nr. 56/1996, með síðari breytingum. Þá telur embættið jafnframt ekki nægilega skýrt tekið á því í frumvarpinu hvaða ráðuneyti fari með yfirstjórn þeirra mála sem frumvarpið tekur til. Benda má á 2. mgr. 1. gr. laga um spilliefnagjald þessu til hliðsjónar.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

Um 1. gr.

Greinin kveður á um markmið laganna. Það er mat embættisins að skýrara sé að það komi fram strax í 1. gr. laganna hvaða ráðherra málaflokkurinn falli undir til að fyrirbyggja misskilning. Þetta fyrirkomulag er haft á í lögum um spilliefnagjald nr. 56/1996 þar sem fram kemur í 2. mgr. 1. gr. að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála sem lögin fjalla um.



Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um skilgreiningar ýmissa hugtaka sem koma fram í lagafrumvarpinu. Að mati embættisins vantar greinargóða skilgreiningu á hugtakinu „úrvinnslugjald“, sbr. hugtakið „spilliefnagjald“ sem er skilgreint í 5. gr. laga nr. 56/1996. Þá hefur verið felldur niður töluliður þar sem tekið var á skilgreiningu hugtaksins „samsettar umbúðir“ í drögum að lagafrumvarpinu. Að mati embættisins felur slíkt brottfall ekki í sér neina einföldun. Eftir sem áður er það óljóst hvað átt er við með orðunum „samsettar umbúðir“ í frumvarpinu. Þess í stað hefur skilgreiningin verið felld inn í texta greingargerðarinnar um 8. gr. þar sem fram kemur að *samsettar umbúðir séu umbúðir samsettar úr tveimur eða fleiri efnum, t.d. pappír og ýmsum málum, plasti og áli, gleri og plasti í áföngum*. Það er mat embættisins að það þurfi að koma skýrt fram hvort átt sé við umbúðir utan um aðrar umbúðir (t.d. gosdós úr plasti í pappakassa) eða einar umbúðir gerðar úr tvenns konar efni (t.d. plastflaska með áltappa). Vísast nánar til fylgiskjala varðandi frekari umfjöllun um framangreint.

Um 7. gr.

Vakin er athygli á því að í drögum að lagafrumvarpi sem lögð voru fram til umsagnar embættisins var gert ráð fyrir sérstöku ákvæði þar sem fjallað var um úrvinnslugjald á drykkjarvörur. Eins og frumvarpið er úr garði gert nú hefur umrætt ákvæði verið fellt út og er nú einungis fjallað um skilagjald á drykkjarvöruumbúðir í 7. gr. frumvarpsins. Þess í stað er látið nægja að nefna framangreindar umbúðir í 1. tl. 8. gr. frumvarpsins um úrvinnslugjald á aðrar vörur og vísa til viðauka III. Að mati embættisins skapar þetta nokkra óvissu og er ekki eins skýr framsetning og gert var ráð fyrir í drögunum. Af staðsetningu umræddra drykkjarvöruumbúða í 8. gr. mætti ætla að þær flokkuðust undir *aðrar vörur* en ekki drykkjarvöruumbúðir sem þó hlýtur að vera ætlunin þar sem fjallað er sérstaklega um skilagjald á drykkjarvöruumbúðir í 7. gr. frumvarpsins. Að mati embættisins vantar því skýrt ákvæði inn í frumvarpið varðandi skyldu til greiðslu úrvinnslugjalds á drykkjarvöruumbúðir. Á það skal bent að í drögunum var gert ráð fyrir því að úrvinnslugjald á drykkjarvöruumbúðir skyldi nema kr. 6,43 án virðisaukaskatts á hverja umbúðareiningu en með reglugerð nr. 448/2002 sem tók gildi þann 1. júlí sl., var taxti gjaldsins hækkaður í kr. 7,23. Hugsanlegt væri að færa ákvæði 8. gr. frumvarpsins fram fyrir ákvæði 7. gr. og breyta heiti 8. gr. frumvarpsins í *Úrvinnslugjald á drykkjarvöruumbúðir og aðrar vörur*. Þar með væri fyrst gert ráð fyrir því að greiða yrði úrvinnslugjald af drykkjarvöruumbúðum í 7. gr. og svo í eðlilegu framhaldi af því fjallað um skilagjald á drykkjarvöruumbúðum í 8. gr. frumvarpsins.

Varðandi samsettar pappaubúðir fyrir drykkjarvörur telur embættið rétt að áréttað verði að gjaldið leggst ekki á pappaubúðir fyrir drykkjarvöru þegar þær eru fluttar inn einar og sér heldur þegar drykkjarvaran er komin í umbúðirnar, líkt og gildir um drykkjarvörur í ál, stál, gler og plastumbúðum.

Þá er rétt að vekja athygli á 9. tölul. ákvæðisins um kælimiðla en gert er ráð fyrir verulegri lækkun taxta frá því sem áður var.



Jafnframt telur embættið það ekki koma skýrt fram í frumvarpinu varðandi 10. tölul. um hjólbarða undir dráttarvélar hvort gert sé ráð fyrir því að gjaldstofninn sé stykki ökutækja eða stykki hjólbarða undir ökutæki (kr/stk).

Um 8. gr.

Ákvæði 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins um heimild fyrirtækja og atvinnugreina til að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu er að mati embættisins mjög opið og krefst þess a.m.k. að settar verði skýrar leiðbeiningarreglur af hálfu fagráðuneytis í reglugerð.

Þá er vakin athygli á orðalagi 3. mgr. þar sem fram kemur að svartolía sé undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögnum, henda *hefur* stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samninginn. Að mati embættisins er rétt að gera hér orðalagsbreytingu á þann veg að stjórn Úrvinnslusjóðs *hafi* staðfest samninginn (eða *samningana* ef gengið er út frá að um fleirtölu sé að ræða – samningar fyrirtækja og atvinnugreina). Einnig væri möguleiki að orða málsliðinn svo að svartolía sé undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögnum enda *staðfesti* stjórn Úrvinnslusjóðs samninginn/samningana.

Um 9. gr.

Ákvæðið kveður á um gjaldskylda aðila. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt orðalagi 1. tölul. 1. mgr. ákvæðisins tekur töluliðurinn einungis til þeirra aðila sem skráðir eru á vörugjaldsskrá, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Staðreyndin er hins vegar sú að ekki eru allir aðilar sem stunda innflutning gjaldskyldra vara samkvæmt lögnum skráðir á vörugjaldsskrá. Vörur með úrvinnslugjaldi bera ekki endilega vörugjald og vörugjaldsskyldar vörur eru ekki endilega úrvinnslugjaldsskyldar. Aðeins vörugjaldsskyldir aðilar geta skráð sig á vörugjaldsskrá hjá skattstjóra í Reykjavík. Því geta þeir ekki skráð sig vörugjaldsskylda, sem eiga að greiða úrvinnslugjald af sínum vörum, ef ekki er vörugjald á vörunum. Úrvinnslugjaldsskyldir aðilar þurfa því að fara á sérstaka skrá hjá skattstjóra. Skv. ofangreindri uppstillingu í frumvarpinu eru þeir sem flytja inn vörur til endursölu, en eru ekki á vörugjaldsskrá, ekki gjaldskyldir vegna úrvinnslugjalds. Að mati embættisins væri réttara að þessir aðilar skrái sig á úrvinnslugjaldsskrá sem hefði í raun sömu virkni og vörugjaldsskráin, þ.e. gæfi uppgjörstímabil og eindaga eins og skráðir vörugjaldsaðilar fá á vörugjaldi. Það er því mat embættisins með hliðsjón af framangreindu að hugsanlega væri rétt að breyta orðalagi ákvæðisins á eftirfarandi hátt:

„Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. gr., hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.
2. ....”

Skipta þarf út orðinu „vörugjaldsskyld” fyrir orðið „úrvinnslugjaldsskyld” í 3. mgr. ákvæðisins þar sem segir að „Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en ~~vörugjaldsskyld~~ → úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða



starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili.” Hér er um úrvinnslugjaldsskylda starfsemi að ræða en ekki vörugjaldsskylda.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að aðili skuli tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili. Vakin er athygli á því að Skattstjórinn í Reykjavík sér um skráningu vörugjaldsskyldra aðila á landsvísu, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 436/1998 um vörugjald. Athuga þó til samanburðar ákvæði 2. mgr. 4. gr. vörugjaldslaga nr. 97/1987.

Þá telur embættið rétt að tekin verði af tvímæli um heimild aðila til greiðslufrests en samkvæmt frumvarpinu eiga eingöngu skráningarskyldir aðilar rétt á slíkum fresti. Lagt er til að bætt verði við ákvæði 3. mgr. 9. gr. svohljóðandi málsgrein: *Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr.* Þessi málsliður kæmi inn í ákvæðið á undan lokamálslið málsgreinarinnar um tilkynningu á breyttri starfsemi eftir skráningu.

Um 10. gr.

Í 3. málslið 1. mgr. ákvæðisins segir að fjármálaráðherra geti ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu gjalds í öðrum skattumdæmum. Að mati embættisins er það óljóst hver fari með eftirlit og framkvæmd almennt séð þótt hér sé kveðið á um að fjármálaráðherra sé heimilt að fela einstökum skattstjórum þennan starfa. Gera má ráð fyrir því að almennt hafi fjármálaráðherra því eftirlitshlutverki að gegna í þessu sambandi sem honum er þó heimilt að fela lægra settu stjórnvaldi. Það virðist t.d. vera gert ráð fyrir að skattstjórum geti verið falið eftirlit í tilteknum skattumdæmum en hvergi er kveðið á um það berum orðum í frumvarpinu hvort tollstjórar geti haft sambærilegt eftirlit í sínum umdæmum varðandi þau mál sem að tollstjórum snúa.

Um 11. gr.

Ákvæðið fjallar um uppgjörstímabil, gjalddaga og greiðslufrest. Það er mat embættisins að mikilvægt sé að eindagi á greiðslu úrvinnslugjalds fari saman við eindaga greiðslu aðflutningsgjalda, sem skuldfærð hafa verið samkvæmt meginreglum um greiðslufrest. Að öðrum kosti verður að innheimta skuldfærð úrvinnslugjöld með sérstökum giróseðli sem myndi leiða af sér hátt kostnaðarhlutfall við innheimtu. Enn fremur hafa ólík uppgjörstímabil og eindagar aðflutningsgjalda leitt af sér margs konar vandkvæði við leiðreitingu aðflutningsgjalda. Embættið leggur því mikla áherslu á að uppgjörstímabil og eindagi nýrra úrvinnslugjalda verði vegna tollafgreiðslu innfluttra vara með óbreyttu fyrirkomulagi frá því sem nú gildir um spilliefna- og skilagiöld.

Í 7. mgr. 11. gr. kemur fram að um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fari samkvæmt reglugerð nr. 390/1999. Þetta ákvæði á í raun ekki að taka til allra gjaldskyldra aðila heldur eingöngu þeirra sem ekki eru skráningarskyldir. Embættið telur það því til skýringar að orða málsgreinina á þann hátt að um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fari að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999.



Um 12. gr.

Ákvæðið kveður á um að gjaldskyldir aðilar skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. skuli eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Vísar ákvæðið því samkvæmt orðanna hljóðan jafnt til allra sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögnum til endursölu, sem og allra sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögnum innan lands. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir hins vegar um 12. gr. að greinin kveði á um útfyllingu skýrslna um úrvinnslugjald fyrir innlenda framleiðendur og álag. Þarna gætir misræmis þar sem ekki er gert ráð fyrir því að ákvæðið gildi um innflutning til endursölu í athugasemdunum. Vakin er athygli á því að ekki er ljóst af framangreindu hvort gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að unnt sé að beita álagi vegna innflutnings á vörum. Það er mat embættisins að eigi ákvæði 1. mgr. 12. gr. eingöngu að vísa til 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. en ákvæði 2. og 3. mgr. 12. gr. gildi jafnt um alla töluliði 1. mgr. 9. gr. þurfi það að koma fram í frumvarpinu.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um hlutverk Úrvinnslusjóðs. Þar segir í 2. mgr. að sé gjaldskyld vara eða úrgangur úr henni sannanlega fluttur úr landi skuli Úrvinnslusjóður hlutast til um endurgreiðslu úrvinnslugjalds. Í þessu sambandi telur embættið rétt að leggja fram þá spurningu hvort með þessu fyrirkomulagi sé ekki ætlast til þess að tollstjóri endurgreiði gjaldið með niðurfellingu úrvinnslugjalds í aðflutningsskýrslu eða beint úr TBR-I, innheimtakerfi fjársýslu ríkisins, eftir að skattstjóri hefur tekið ákvörðun í TBR-Á kerfinu, álagningarkerfi fjársýslu ríkisins.

Um 21. gr.

Mjög brýnt er að sett verði reglugerð um nánari útfærslu laga þessara með skýrri afmörkun einstakra þátta hið fyrsta.

## **Viðaukar**

Um viðauka II.

Viðaukinn tekur á samsettum pappaubúðum fyrir drykkjarvörur. Vakin er athygli á því að í viðaukanum kemur fram rangt tollskrárnúmer úr tollflokki 0403. Þar á að standa *0403.9029* - - - Önnur í stað 0403.9022.

Um viðauka III.

Vakin er athygli á því að hvorki eru nefnd tollskrárnúmer né gjaldaliðir í viðauka III við frumvarpið, um einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, en upptalning þeirra er nauðsynleg til að unnt sé að leggja rétt gjöld á vörur í umræddum kafla.

Um viðauka IV.

Viðaukinn fjallar um olíuvörur. Vakin er athygli á því að í viðaukanum kemur fram rangt tollskrárnúmer úr tollflokki 2710. Þar á að standa *2710.1149* - - Annað í stað 2710.0049.



Um viðauka X.

Viðaukinn varðar rafhlöður og rafgeyma aðra en blýsýrurafgeyma. Vakin er athygli á því að í viðaukanum kemur fram rangt tollskrárnúmer úr tollflokki 8506. Rétt tollskrárnúmer er 8506.9000 – Hlutar í stað 8506.8009.

Að lokum skal bent á það að í viðaukum X og XI er að finna sama tollskrárnúmerið á tveimur stöðum.

- **Viðauki X**
  - 8507.9000 – Hlutar..... 91,00 kr/kg
- **Viðauki XI**
  - 8507.9000 – Hlutar ..... 26,60 kr/kg

Það virðist því þurfa að skipta umræddu númeri upp í tollskránni með hliðsjón af framangreindu en slík uppskipting er á valdi fjármálaráðuneytis með útgáfu auglýsingar. Embættið leggur því til að farið verði fram á eftirfarandi breytingu á tollskrá við fjármálaráðuneytið hið fyrsta:

-Hlutar

8507.9001 - - Til blýsýrurafgeyma

8507.9009 - - Aðrir

Eftir breytinguna myndi frumvarpið því hljóma svo:

- **Viðauki X**
  - Í stað 8507.9000 kæmi 8507.9009 - - Aðrir 91,00 kr/kg
- **Viðauki XI**
  - Í stað 8507.9000 kæmi 8507.9001 - - Til blýsýrurafgeyma 26,60 kr/kg

Að mati embættisins er ekki ástæða til frekari athugasemda við frumvarp þetta að svo stöddu.

#### Fylgiskjöl:

1. Bréf embættisins, dags. 19. júlí 2001.
2. Bréf embættisins, dags. 19. nóvember 2001.
3. Bréf embættisins, dags. 13. september 2002.

Virðingarfyllst,  
f.h.t.



Svana Margrét Davíðsdóttir,  
forstöðumaður tollheimtusviðs

Afrit: Fjármálaráðuneytið